



Alþingi  
Erindi nr. P 130/433  
komudagur 3.12.2003

## UMBOÐSMAÐUR BARNA


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2003  
Tilvísun: UB 0312/4.1.1

***Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs, 35. mál.***

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dagsett 18. nóvember 2003, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreinda tillögu.

Með bréfi til félagsmálanefndar, dagsettu 10. janúar 2002, veitti ég umsögn mína um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs, 14. mál. Í umsögninni tók ég heilshugar undir þær hugmyndir, er komu fram í tillögunni og mælti með því að hún yrði samþykkt. Ítreka ég hér með þá skoðun mína, en leyfi mér að öðru leyti að vísa til framangreindrar umsagnar.

Virðingarfyllst,  
  
Þórhildur Líndal



Ljósrit

## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2002  
Tilvísun: UB 0201/4.1.1

*Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs, 14. mál.*

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dagsett 28. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreinda tillögu.

Efling *félagslegs* forvarnastarfs er að mínu mati ákaflega þarft og tímabært framtak. Forvarnarstarf á ekki að felast eingöngu í fræðslu og áróðri, heldur einnig í að sjá unga fólkinu fyrir afþreyingu í formi heilbrigðs og *uppbyggjandi* félagsstarfs. Í þessu sambandi vil ég leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að vandað verði til *úttektar* á félagsstarfi hvers konar, þannig að góður grundvöllur skapist til að setja fram markvissar og haldbærar tillögur til eflingar þessum mikilvæga þætti í daglegu lífi barnanna okkar.

Í greinargerð með tillögunni eru taldir upp nokkrir aðilar, er koma að félagsstarfi barna og unglinga og er þar sérstaklega litið til félagsmiðstöðva, en reynslan sýnir að þangað leita börn og unglingar mikið til tómstundaiðkunar. Þá vil ég taka undir það sem segir um mikilvægi þess að félagsstarfið sé fjölbreytt svo allir finni eitthvað við sitt hæfi, ekki síst unglingar á aldrinum 16-18 ára.



Ég tek heilshugar undir þær hugmyndir, sem fram koma í tillögunni og mæli með því að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Þórhildur Línadal